



Langesbyggð

Reglur um niðurgreiðslur daggjalda vegna dagvistunnar á einkaheimilum

1. Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Langesbyggðar skal greiða niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Langesbyggð. Reglur þessar gilda einnig um foreldra barna sem eiga lögheimili í Langesbyggð en dvelja tímabundið vegna náms í öðru sveitarfélagi. Réttur til niðurgreiðslu gildir þar til leikskólaláss býðst.
Sveitarstjórn Langesbyggðar ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðslunefndar.
2. Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
 - b. Að barnið sé á aldrinum 9 mánaða til 6 ára (að upphafi skólagöngu). Barn einstæðra foreldrar fær niðurgreiðslu frá 6 mánaðar aldri.
 - c. Að fyrir liggja þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldrar og fulltrúa Langesbyggðar.
 - d. Að námsmenn verða að skila inn vottorði skóla um fullt dagnám í upphafi hvern annar. Fullt nám telst vera 75-100% samfelld nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi
3. Gera skal þríliða vistunarsamning staðfestan af foreldri, dagforeldri og skrifstofu Langesbyggðar. Fyrsti mánuðurinn er reynslumánuður beggja aðila. Ákveði foreldri eða dagforeldri að barn hætti í daggæslu innan fyrsta mánaðarins er fyrirvaralaus uppsögn heimil. Þegar barn hefur verið lengur en mánuð hjá dagforeldri er uppsögn samnings með eins mánaðar fyrirvara af hálfu hvors aðila og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði.
4. Sé um fyrirvaralaus uppsögn að ræða á samningum af hálfu dagforeldris, skal forráðarmaður fá endurgreitt fyrir það sem greitt hefur verið fyrirfram.
5. Dagforeldri dregur frá reikningi foreldris þann hluta daggjaldsins sem er niðurgreiddur og innheimtir þá fjárhæð á sérstöku eyðublaði mánaðarlega. Foreldrar greiða þá upphæð sem eftir stendur í upphafi hvers mánaðar. Dagforeldrar skila yfirliti mánaðarins til Langesbyggðar á útfylltum eyðublöðum 25. hvers mánaðar. Yfirlitið skal vera vottað af viðkomandi foreldri. Dagforeldrar fá endurgreiðslur lagðar inn á bankareikning 1. hvers mánaðar.
6. Ef dagforeldri fær ofgreidda niðurgreiðslu af einhverjum ástæðum mun Langesbyggð lækka niðurgreiðslu til dagforeldis við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

7. Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslunni allt að tveimur dögum á ári sem nýtast til endur- og símenntunnar án þess að niðurgreiðsla skerðist. Sama gildir óski dagforeldri í fullri samvinnu við foreldra eftir að taka allt að 3 daga frí á ári. Dagforeldri ber að draga vistunargjald foreldra frá en greiðslur frá Langanesbyggð vegna þessa daga skerðast ekki. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega.
8. Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og skrifstofu sveitarfélagsins um lokun umfram framangreinda daga eigi síðar en 20. dags hvers mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar niðurgreiðslu komi í þeim mánuði sem umframlokunin á sér stað.
9. Niðurgreiðsla til dagforeldris fellur ekki niður vegna veikinda dagforeldris í allt að 10 daga á almanaksárinu.
10. Daggjöld eru niðurgreidd í 11 mánuði á ári fyrir hvert barn.
11. Niðurgreiðslur eru samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Niðurgreiðsla pr mánuð		
Vistunartími	Hjón/sambúð	Einstæðir foreldrar / foreldri í námi
4 klst	15.000	18.750
5 klst	18.750	23.438
6 klst	22.500	28.125
7 klst	26.250	32.813
8 klst	30.000	37.500

12. Fjölskylda sem hefur barn hjá dagforeldri og annað/önnur í leikskóla fær það barn sem er í leikskóla systkinaafslátt af leikskólagjaldinu. Fjölskylda sem hefur 2 börn hjá dagforeldri fær niðurgreiðslur samsvarandi og einstæðir foreldrar.

Samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar 24. apríl 2013

Gunnólfur Lárusson
Sveitarstjóri